

## 21. háskólaþing Háskóla Íslands

haldið 13. apríl 2018 í Hátíðasal Háskóla Íslands í Aðalbyggingu

**Fundartími: Kl. 13.00-16.00**

### Dagskrá

- Kl. 13.00-13.05    Rektor setur háskólaþing, fer yfir dagskrá og tímaáætlun og gerir grein fyrir fundargögnum.
- Kl. 13.05-13.15    Dagskrárliður 1. Rektor reifar mál sem eru efst á baugi í Háskóla Íslands.
- Kl. 13.15-13.30    Dagskrárliður 2. Tilnefning þriggja fulltrúa og þriggja varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð Háskóla Íslands fyrir tímabilið 1.7.2018-30.6.2020. Kynning á framboðum og kosning.
- Kl. 13.30-14.00    Dagskrárliður 3. Drög að gæðastefnu og gæðakerfi Háskóla Íslands. Áslaug Helgadóttir, gæðastjóri Háskóla Íslands, og Sigurður Magnús Garðarsson, formaður gæðanefndar háskólaráðs, gera grein fyrir málinu.
- Kl. 14.00-14.20    Kaffihlé.
- Kl. 14.20-14.25    Dagskrárliður 2 (frh.). Niðurstaða kjörs þriggja fulltrúa og þriggja varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráði.
- Kl. 14.25-16.00    Dagskrárliður 4. Endurskoðun matskerfis opinberu háskólanna. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektor vísinda, og Áslaug Helgadóttir, gæðastjóri Háskóla Íslands, gera grein fyrir málinu.
- Kl. 16.00            Háskólaþingi slitið.

### **Kl. 13.00-13.05 Fundarsetning**

Rektor setti háskólaþing Háskóla Íslands og bauð þingfulltrúa velkomna til starfa. Háskólaþing er haldið í samræmi við lög um opinbera háskóla nr. 85/2008 og var þetta 21. háskólaþing Háskóla Íslands. Sérstaklega bauð rektor velkomna þá fulltrúa sem mættir voru í fyrsta sinn á þingið, fulltrúa frá samstarfsstofnunum og nýjan formann Stúdentaráðs.

Fundargerð síðasta háskólaþings var send fulltrúum fyrir þingið og bárust engar athugasemdir við hana. Þá gerði rektor grein fyrir tímaáætlun og gögnum fundarins og fól Magnúsi Diðriki Baldurssyni, skrifstofustjóra rektorsskrifstofu, að vera fundarritari.

Þinginu var streymt á netinu.

### **Kl. 13.05-13.15 Dagskrárliður 1**

**Rektor reifar mál sem eru efst á baugi í Háskóla Íslands**





Rekstrargrunnur í m.kr. á verðlagi 2018	Fjártöl 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023
21 Háskólastig	44.455	45.256	45.719	46.470	46.958	47.397
Þar af til reksturs	42.655	43.819	44.115	45.194	46.295	46.940
Þar af til fjárfestinga	1.800	1.437	1.604	1.276	662	457
Aukning til reksturs frá 2018	0	1.164	1.460	2.539	3.640	4.285

■ Veitir dýrmætar upplýsingar um hagi, efnahag, hindranir, aðgengi og fjölskylduáætlunir íslenskra háskólanema í samanburði við nemendur annars staðar í Evrópu

- Meðaltalur íslenskra nema hærri (29,7 ár) en á Norðurlöndum (27,8 ár) og í hinum samantölum (25 ár)
- 67% ísl. háskólanema ánaðir með skipulag og stundtöflu, 67% með námsaðstoðu og 71% með gæði námsins. Þetta er mun hærri en meðaltal EUROSTUDENT
- Íslenskir nemar sérstaklega ánaðir með stúdentagáða, aðstoðu og aðbúnað
- 63% ísl. nema eru konur og 37% karlar. Hlutfall kvenna í samantöllum er 56%
- 88% ísl. nema hafa öðlast starfsreynslu við skráningu, en 53% í samantöllum
- Hlutfall ísl. nema sem skilgreina sig með fótun, hömlun eða langvarandi heilsufarsvanda er 39% (N-lönd 25%, heild 18%)
- 15% ísl. nema segjast glíma við andleg veikindi (4% í samantöllum) og 18% glíma við námsörðugleika (3%)
- Íslenskir háskólanemar vinna mikið og teja fjárhagsstöðu sína erfiða
- Íslenskir nemar með háskólanentaða foreldra hefja nám fyrr en hinir og eru líklegri til að stefna á frömu nám erlendis

■ 3.770 nemendur frá 106 löndum skráðir í fyrsta alþjóðlega netnámskeiði UICelandX, *The Medieval Icelandic Sagas*

■ Markmið:

- Styrkja HÍ út á við með því að miðla upplýsingum um fræðistarf, rannsóknir og alþjóðlega sérstöðu
- Styrkja innra starf HÍ með þróun nútímalegra kennsluhátta með aðstoð upplýsingatekni
- HÍ mun þróa fjögur opin netnámskeið á fjórum árum – kallað eftir tillögum
- Edge, þróunarkerfi edX býður spennandi tækifæri til að prófa sig áfram með ýms form netnámskeiða
- Þjálfun á vegum Kennslumiðstöðvar í undirbúningi

Þátttaka HÍ í edX - UICELANDX



**Best fyrir börnin**

- 17. apríl: Hvernig má stýðja við læsi heima? Freyja Birgisdóttir
- 9. maí: Nærning og svefn barna og ungmenna. Ingibjörg Gunnarsdóttir
- 31. maí: Hvernig höldum við gleðinni í ljóttastarfi á tímum afreksmennsku? Viðar Halldórsson

HÁSKÓLINN OG SAMFÉLAGIÐ – NÆSTU FYRIRLESTRAR

- Sýnt á RUV á besta sýningartíma á miðvikudagskvöldum í maí
- Fyrsti þáttur fer til loftið 9. maí kl. 20.05 – hver þáttur er 30 mín.
- Um 80 vísindamenn af öllum fræðasviðum HÍ í viðtölum
- Fjallað m.a. um loftslagsbreytingar, rannsóknir á krabbameini og norðurljósum, náttúruvá, lífríki hafs og lands o.m.fl.
- Þáttagerð í höndum Jóns Arnar Guðbjartssonar og Björns Gíslasonar á markaðs- og samskiptasviði
- Síðasta þáttaröð tilnefnd til gullverðlauna á AFO í Tæklandi og sýnd í sænska og finnska ríkisjónvarpinu

FJÁRSJÓÐUR FRAMTÍÐAR – NÝ SJÓNVARPSPÁTTARÖÐ

- Samstarfsnet ný evrópskra rannsóknaháskóla sem leggja áherslu á virka þátttöku og samfélagslega ábyrgð
- Rektor HÍ var nýverið kosinn í þrjúggja manna stjórn Aurora
- Megináherslur: Jafnrétti og margbreytileiki, nýsköpun í kennslu og námi, rannsóknir og áhrif þeirra í samfélaginu, stefnumál nemenda, alþjóðasamstarf og sjálfbærni
- Fundir tvisvar á ári, næst 2.-3. maí
- Dagskrá:
  - Vinnustofur um 9 valin verkefni
  - Pallborð um lýðræði í háskólum
  - Umræður um áherslur og stefnumál Aurora

FUNDUR AURORA Í DUISBURG 2.-3. MAÍ

SAMVIRKINGU OG ÁRANGUR

- HÍ21 er samgengilegt verkefni okkar allra – og við eigum árangurinn saman
- Öflug innleiðing eflir stjórnendur og nýttist hverjum og einum í starfi
- Stuðlar að gæðamenningu í anda stöðugra umbóta
- Stjórnkerfi og skipulag sem styður við stefnuna

INNLEIÐING HÍ21 – AKKERISFUNDUR 16. MAÍ

VORFAGNAÐUR STARFSFÓLKS 1. JÚNÍ

MÁLÞING UM SIÐFERÐI Í VÍSINDUM 5. JÚNÍ

KOMIN Í  
SKÓLA ÍSLANDS

BRAUTSKRÁNING KANDÍDATA 23. JÚNÍ

„HRUNID, ÞIÐ MUNID“ - ÞVERFRÆÐILEG RÁÐSTEFNA 6. OKT.



**Kl. 13.15-13.30**  
**Dagskrárliður 2**

**Tilnefning þriggja fulltrúa og þriggja varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð Háskóla Íslands fyrir tímabilið 1.7.2018-30.6.2020. Kynning á framboðum og kosning.**

Í upphafi þessa dagskrárliðar óskaði rektor eftir því að Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu og ritari háskólaþings, og Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs, hefðu umsjón með kosningunni.

Magnús Diðrik gerði grein fyrir forsendum og framkvæmd kosningarinnar. Í 6. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 er kveðið á um skipan háskólaráðs í háskóla þar sem eru fleiri en 5.000 nemendur. Þar segir að auk rektors eigi sæti í ráðinu tíu fulltrúar, tilnefndir til tveggja ára í senn, þ.e. þrjár fulltrúar háskólasamfélagsins tilnefndir af háskólaþingi, tveir fulltrúar tilnefndir af stúdentum, tveir fulltrúar tilnefndir af mennta- og menningarmálaráðherra og þrjár fulltrúar tilnefndir af þeim fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði.

Í 3. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 er mælt fyrir um hvernig staðið skuli að tilnefningu og kjöri fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð. Tilnefning fulltrúanna þriggja og þriggja varamanna fyrir tímabilið 1. júlí 2018 til 30. júní 2020 fer fram á þessu háskólaþingi.

Í samræmi við reglurnar var auglýst eftir ábendingum og framboðum um fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð á á ytri og innri vef Háskólans þremur vikum fyrir þingið eða 23. mars sl. Framboðsfrestur rann út 3. apríl sl.

Alls bárust 7 framboð. Allir frambjóðendur uppfylla skilyrði 3. gr. reglnanna um að vera akademískir starfsmenn Háskóla Íslands í fullu starfi (í a.m.k. 75% starfshlutfalli), en þó hvorki forseti fræðasviðs, deildarforseti né varadeildarforseti. Gögn um starfsvettvang frambjóðenda og stutt lýsing á starfsferli þeirra voru send út með fundarboði og gert er ráð fyrir að þingfulltrúar hafi kynnt sér þau.

Í framboði eru (í stafrófsröð):

1. Guðrún Geirsdóttir, dósent við Kennaradeild á Menntavísindasviði og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands.
2. Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði.
3. Jón Ólafsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði.
4. Lárus Thorlacius, prófessor við Raunvísindadeild á Verkfræði- og náttúruvísindasviði.

5. Ólafur Pétur Pálsson, prófessor við iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild á Verkfræði- og náttúruvísindasviði.
6. Sigrún Ólafsdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild á Félagsvísindasviði.
7. Þórhallur Ingi Halldórsson, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði.

Atkvæðisbærir eru:

- Rektor (1)
- Forsetar fræðasviða eða eftir atvikum staðgenglar þeirra (5)
- Deildarforsetar eða eftir atvikum varadeildarforsetar (25)
- Fulltrúar kjörnir af fræðasviðum (þeir eru samstals 14)
- Fulltrúi Félags háskólakennara (1)
- Fulltrúi Félags prófessora (1)
- Fulltrúar kjörnir af starfsmönnum við stjórnslu (2)
- Fulltrúar tilnefndir af stofnunum, einn fyrir hverja stofnun:
  - Endurmenntun Háskóla Íslands (1)
  - Landsbókasafn Íslands - háskólabókasafn (1)
  - Landspítali (1)
  - Raunvísindastofnun Háskólans (1)
  - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (1)
  - Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum (1)
  - Þjóðminjasafn Íslands (1)

Stúdentar hafa ekki atkvæðisrétt í þessari kosningu, þar sem þeir kjósa sína tvo fulltrúa í háskólaráði í sérstakri kosningu.

Með atkvæðisrétt fara því samtals 56 þingfulltrúar.

Kosningin fer þannig fram að:

- Þeir sem hafa atkvæðisrétt fá afhentan kjörseðil.
- Á kjörseðlinum eru nöfn frambjóðenda í stafrófsröð.
- Hver atkvæðisbær fulltrúi greiðir skriflega atkvæði sitt með því að merkja X við nafn þriggja (og aðeins þriggja) frambjóðenda (að öðrum kosti er atkvæðaseðillinn ógildur).
- Þegar atkvæðisbærir fulltrúar hafa fyllt út atkvæðaseðilinn brjóta þeir hann saman og stinga í kjörkassa.
- Að því búnu heldur dagskrá þingsins áfram, en í kaffihléi verða atkvæði talin og niðurstaðan tilkynnt þegar þingfulltrúar koma aftur saman eftir hlé.


Þegar atkvæði hafa verið talin skulu þeir þrír sem flest atkvæði hljóta tilnefndir sem fulltrúar háskólasamfélagsins í háskólaráð. Áskilið er að þessir þrír séu starfandi á ólíkum fræðasviðum. Næstu þrír verða tilnefndir sem varamenn. Sá varamaður sem flest atkvæði hlýtur er varamaður fyrsta aðalmanns, annar er varamaður annars aðalmanns og þriðji er varamaður þess þriðja. Ef atkvæði eru jöfn í vali á milli manna skal hlutkesti ráða.

Að lokinni kosningu og talningu atkvæða verður niðurstaða kosningarinnar kunngjörð.



Að lokum spurði Magnús Diðrik hvort einhver hefði athugasemdir við það verklag við kosninguna sem hér var lýst. Svo var ekki og var því gengið til kosningar.








**Kl. 13.30-14.00**  
**Dagskrárliður 3**  
**Drög að gæðastefnu og gæðakerfi Háskóla Íslands.**

Sigurður Magnús Garðarsson, formaður gæðanefndar háskólaráðs, og Áslaug Helgadóttir, gæðastjóri Háskóla Íslands, gerðu grein fyrir málinu.



- EYKUR GÆÐI HÁSKÓLASTARFSINS OG TRYGGIR AÐ RANNSÓKNIR OG PRÓFGRÁÐUR STANDIST ALÞJÓÐLEG VIÐMIÐ OG GÆÐAKRÖFUR
- STYÐUR VIÐ GÆÐAMENNINGU INNAN HÁSKÓLANS







## INNVIÐIR

- SKÝR STEFNA ER UM UPPBYGGINGU INNVIÐA, SEM STYÐUR VIÐ STEFNU HÁSKÓLANS Í KENNSLU OG RANNSÓKNUM, OG GERIR STARFSFÓLKI KLEIFT AD STUNDA FRAMÚRSKARANDI RANNSÓKNIR
- INNVIÐIR UPPEYLLA LÖGBUNDNAR SKYLDUR OG KRÖFUR OG MIÐAST VIÐ FYRIRMYNDAR STARFSHÆTTI

Háskólagangur 13. apríl 2018




## RAMMINN


Háskólagangur 13. apríl 2018



## HIN LAGALEGA UMGJÖRD



Háskólagangur 13. apríl 2018




Háskólagangur 13. apríl 2018



## FERLI OG VERKFÆRI


Háskólagangur 13. apríl 2018



## GÆÐAHANDBÓK

TEGUND SKJALS	SÁMÞYKKTARADILI
REGLUR	HÁSKÓLARÁÐ – ÚTGEFIÐ Í STJÓRNARTIÐINDUM
STEFNA HÍ; GÆÐASTEFNA	HÁSKÓLARÁÐ
ADRAR STEFNUR	VIÐKOMANDI SVIÐSSTJÓRI (STARFSHEITI)
VERKLAGSREGLA – SETT MEÐ SKIRSKOTUN TIL REGLA OG/EDA STEFNU	VIÐKOMANDI SVIÐSSTJÓRI (STARFSHEITI)
VINNULÝSING (LEIÐBEINING) – TILHEYRIR ÁRVEÐINNI VERKLAGSREGLU (EINING KALLAD VERKFÆRILL)	VIÐKOMANDI STARFSMADUR – EFTIR ATVIKUM (STARFSHEITI)
EYÐUBLAD	VIÐKOMANDI STARFSMADUR – EFTIR ATVIKUM (STARFSHEITI)
SKRÁ (SKJALFESTAR UPPLÝSINGAR)	VIÐKOMANDI STARFSMADUR – EFTIR ATVIKUM (STARFSHEITI)

Háskólagangur 13. apríl 2018



TAKK FYRIR

Rektor þakkaði Sigurði Magnúsi og Áslaugu fyrir kynninguna og gaf orðið laust.

Fulltrúi starfsfólks við stjórnarsýslu lýsti ánægju með að fram væri komið nýtt formlegt gæðakerfi Háskóla Íslands. Benti fulltrúinn í því sambandi á að vinna við innleiðingu jafnlaunastaðals staði yfir og sagði vinnubrögðin við það um margt minna á gæðakerfið og spurði hvort til staði að staðallinn yrði hluti af gæðakerfinu.



Sigurður Magnús svaraði því til að þetta hefði ekki verið skoðað sérstaklega en kæmi vissulega til álita.

Forseti Heilbrigðisvísindasviðs fagnaði gæðakerfinu og spurði, hvernig til stæði að mæla og meta árangur í gæðastarfinu?

Sigurður Magnús sagði margvíslegar leiðir koma til greina á sviði árangursmælinga. Ein þeirra væri alþjóðlegir matslistar yfir háskóla, s.s. matslisti Times Higher Education World University Rankings, en einnig sjálfsmat deilda og ytri úttektir. Mikilvægt væri að hafa hugfast að markmiðið með árangursmælingum væri ekki endilega að ákvarða gæði heldur að vinna eftir hugmyndafræði stöðgra umbóta.

Forseti Stúdentaráðs fagnaði því að lögð hefði verið áhersla á að stúdentar væru virkir þátttakendur í gæðastarfinu. Spurði forsetinn hver staðan væri varðandi þátttöku nemenda í kennslu- og viðhorfskönnunum, en fyrir liggi að svarhlutfall í þeim væri stundum lágt.

Sigurður Magnús sagði að hann teldi að svarhlutfallið væri ekki endilega lágt, en nauðsynlegt væri að endurskoða kennslukönnun reglulega til að tryggja að hún væri í takt við tímann og mætti þörfum og væntingum stúdenta.

Sviðsstjóri kennslusviðs benti á að til stæði að endurskoða kennslukönnunina á næstunni.

Rektor lagði áherslu á mikilvægi stúdenta í öllu gæðastarfi Háskólans og að þeir ættu fulltrúa í gæðanefnd, sjálfsmatshópum allra deilda og í ytri matshópum.

Aðstoðarrektor vísinda sagði frá starfi vinnuhóps sem hefði farið yfir kynferðislega áreitni og skylda hluti. Þar hefðu komu fram ábendingar um kynjavíddina í kennslukönnunum sem einnig þurfi að taka tillit til.

Fleiri tóku ekki til máls.

Að umræðu lokinni bar rektor upp tillögu um að fyrirliggjandi drög að gæðastefnu og gæðakerfi Háskóla Íslands verði lögð fyrir háskólaráð að fengnum umsögnum fræðasviða, starfsnefnda háskólaráðs og Stúdentaráðs og með hliðsjón af framkomnum sjónarmiðum á háskólaþingi.

– Samþykkt einróma.

Til máls tóku undir þessum dagskrárlið, auk rektors, Sigurðar Magnúsar Garðarssonar og Áslaugar Helgadóttur, þau Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Inga Þórsdóttir, Elísabet Brynjarsdóttir, Róbert H. Haraldsson og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir.

**Kl. 14.00-14.20**

**Kaffihlé**

**Kl. 14.20-14.25**  
**Dagskrárliður 2 (frh.)**  
**Niðurstaða kjörs þriggja fulltrúa og þriggja varafulltrúa**  
**háskólasamfélagsins í háskólaráði**

Að loknu kaffihléi, þegar atkvæði höfðu verið talin, las rektor upp niðurstöðu kosningarinnar.

- Atkvæðisrétt höfðu 56 þingfulltrúar.
- Atkvæði greiddu 50 fulltrúar.
- Auðir og ógildir kjörseðlar voru 0.
- Gildir kjörseðlar voru 50.

Flest atkvæði hlaut Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði og verður hún því aðalmaður í háskólaráði.

Næstflest atkvæði hlaut Guðrún Geirsdóttir, dósent við Kennaradeild á Menntavísindasviði og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands og verður hún aðalmaður í háskólaráði.

Þriðji í atkvæðagreiðslunni varð Ólafur Pétur Pálsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild á Verkfræði- og náttúruvísindasviði og verður hann aðalmaður í háskólaráði.

Fjórdi í atkvæðagreiðslunni varð Sigrún Ólafsdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild Félagsvísindasviði og verður hún því varamaður fyrir þann sem flest atkvæði hlaut.

Fimmti í atkvæðagreiðslunni varð Jón Ólafsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði og verður hann varamaður þess sem næstflest atkvæði hlaut.

Sjötti í atkvæðagreiðslunni varð Lárus Thorlacius, prófessor við Raunvísindadeild á Verkfræði- og náttúruvísindasviði og verður hann varamaður fyrir þann sem þriðju flest atkvæði hlaut.

Sjöundi í atkvæðagreiðslunni varð Þórhallur Ingi Halldórsson, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði og hlaut hann því ekki kosningu.

Óskaði rektor fulltrúunum til hamingju með kjörið og sagði lokið kjöri fulltrúa og varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð Háskóla Íslands fyrir tímabilið 1. júlí 2018 til 30. júní 2020.

**Kl. 14.25-16.00**  
**Dagskrárliður 4**  
**Endurskoðun matskerfis opinberu háskólanna**

Rektor fór yfir aðdraganda og forsendur málsins. Fram kom í máli rektors m.a. að matskerfi opinberu háskólanna hefði verið til í einhverri mynd allt frá árinu 1989 og væri eðlilegt að slíkt kerfi yrði reglulega endurskoðað. Háskólaráð óskaði eftir því við matskerfisnefnd opinberu háskólanna á vormánuðum 2015 að fram færi endurskoðun á matskerfinu og í stefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2016-2021, HÍ21, er kveðið á um að matskerfið verði endurskoðað í kjölfar úttektar alþjóðlegra sérfræðinga á því. Núverandi kerfi endurspeglar áherslu Háskóla Íslands á að byggja upp hágæða rannsóknir og að komast í hóp alþjóðlegra rannsóknaháskóla í fremstu röð skv. viðurkenndum mælikvörðum. Þetta markmið hefði sannarlega náðst og hefði

Háskóli Íslands sterka akademíska stöðu á alþjóðlegum vettvangi. Ný stefna Háskóla Íslands hvíldi hins vegar á breiðari grundvelli, en þrjár meginstöðir hennar eru rannsóknir, nám og kennsla og virk þátttaka í samfélagi og atvinnulífi. Væri þetta í takti við aukna áherslu háskóla víða um heim á gæðakennslu og þjónustu við samfélagið og eðlilegt að við endurskoðun mats- og hvatakerfa yrði leitað leiða til að meta árangur akademískra starfsmanna á breiðari grundvelli en gert hefur verið.

Þá rakti rektor endurskoðunarferlið fram að þessu. Lýsingu á vinnumatskerfi opinberu háskólanna og sjálfsmati notanda lauk í desember 2016 með skýrslu. Í kjölfar þess fór fram ytra mat erlendra sérfræðinga vorið 2017 og skiluðu þeir skýrslu þá um sumarið. Haldinn var opinn fundur fyrir alla akademíska starfsmenn í september 2017 þar sem fór fram kynning á innra og ytra matinu og umræður í vinnuhópum. Unnið hefdi verið úr niðurstöðum fundarins og væri undirbúningur næstu skrefa nú yfirstandandi.

Að þessum inngangi loknum bauð rektor Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur, aðstoðarrektor vísinda og Áslaugu Helgadóttur, gæðastjóra Háskóla Íslands, að gera nánari grein fyrir stöðu mála varðandi endurskoðun matskerfisins.



**ENDURSKOÐUN MATSKERFIS OPINBERU HÁSKÓLANNA**

Á HÁSKÓLAPINGI 13. APRÍL 2018  
GUÐBJÖRG LINDA RAFNSDÓTTIR OG ÁSLAUG HELGADÓTTIR

HÁSKÓLI ÍSLANDS

**FERLIÐ FRAM AÐ ÞESSU**

- Lýsing á vinnumatskerfinu og sjálfsmat notanda
  - Lauk í desember 2016 með skýrslu
- Ytra mat erlendra sérfræðinga
  - Heimsókn í apríl 2017
  - Skýrslu skilað sumarið 2017
- Opinn fundur í september 2017
  - Kynning á innra og ytra mati
  - Umræður í vinnuhópum
- Undirbúningur fyrir frekari vinnu yfirstandandi

HÁSKÓLI ÍSLANDS Háskólagíng 13. apríl 2018

**NÝ VÍÐHORF VIÐ MAT Á GÆÐUM HÁSKÓLA Í EVRÓPU**

HÁSKÓLI ÍSLANDS Háskólagíng 13. apríl 2018

**HVERS VEGNA ENDURSKOÐUN?**



- STEFNA SKÓLANS – HÍ21**
  - NÚVERANDI MATSKERFI VERIÐ VIÐ LÝÐI Í EINHVERRI MYND FRÁ ÁRINU 1989
    - Endurspeglar áherslur HÍ um mikilvægi þess að Háskólinn byggi upp hágæða rannsóknir og komist í radir fremstu háskóla í heimi skv. alþjóðlegum mælikvörðum.
    - Markmið um uppbyggingu rannsóknaháskóla hefur náðst - HÍ ítrekað sannað sterka akademíska stöðu sína á alþjóðlegum vettvangi.
  - ÞRÍJAR MEGINSTÖÐIR HÁSKÓLANS Í HÍ21 ERU RANNSÓKNIR, NÁM OG KENNSLA OG VIRK ÞÁTTTAKA Í SAMFÉLAGI OG ATVINNULÍFI
    - Endurskoðuð mats- og hvatakerfi byggi á gildum sem endurspeglar áherslu á gæði í námi, rannsóknnum og samfélagsþjónustu.
    - Háskóli Íslands feti í sömu spor og margir aðrir háskólar um þessar mundir og leiti leiða til að meta árangur akademískra starfsmanna á breiðari grundvelli en gert hefur verið.

HÁSKÓLI ÍSLANDS Háskólagíng 13. apríl 2018

**VIÐ MUNUM FJALLA UM**


- ✓ NÝ VÍÐHORF VIÐ MAT Á GÆÐUM HÁSKÓLASTARFS Í EVRÓPU
- ✓ STEFNU HÁSKÓLA ÍSLANDS
- ✓ ENDURSKOÐUN MATS- OG HVATAKERFANNA
  - ✓ FORSENDUR
  - ✓ HUGMYNDIR AÐ BREYTTU FYRIRKOMULAGI

HÁSKÓLI ÍSLANDS Háskólagíng 13. apríl 2018

**SKILABÖÐ FRÁ SAMSTARFSNETI EVRÓPSKRA RANNSÓKNARHÁSKÓLA (LERU)**

RANNSÓKNIR Í HÁSKÓLUM SKULU...

- ✓ VERA FRÆÐILEGA FRAMÚRSKARANDI
- ✓ VERA ALÞJÓÐLEGA SAMKEPPNISHÆFAR
- ✓ SKIPTA MÁLI FYRIR SAMFÉLAGIÐ
- ✓ BYGGJA Á AKADEMÍSKU FRELSI
  - ✓ ÞOLA ÓVISSU OG MISTÖK
  - ✓ Hafa svigrúm fyrir langtímaugsun



(Productive Interactions: societal impact of academic research in a knowledge society. LERU position paper, March 2017)

HÁSKÓLI ÍSLANDS Háskólagíng 13. apríl 2018

# FLYTJUM GÓÐAR FRÉTTIR ÁRIÐ 2030

Þetta voru nokkrar góðar fréttir úr framtíðinni sem geta ræst ef við framfylgjum Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þetta eru viðtakustu markmið sem ríki heims hafa komið sér saman um og stefnt er að því að tryggja velmegun og mannréttindi um allan heim fyrir árið 2030. Ísland er þar á meðal.

Hér fyrir neðan getur þú kynnt þér nánar Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Framfylgjum Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og flytjum góðar fréttir árið 2030.

## ÞEKKINGAR AFLAÐ Í OPNU SAMSTARFI MARGRA ADILA

Háskólingur 13. apríl 2018

[Productive interactions: societal impact of academic research in a knowledge society. LERU position paper, March 2017]

## NÝSKÖPUN FELUR Í SÉR MARGHÁTTAÐ SAMSPIL VÍSINDAMANNA OG HAGADILA Á VÍÐ OG DREIF UM SAMFÉLAGIÐ

Háskólingur 13. apríl 2018

[Productive interactions: societal impact of academic research in a knowledge society. LERU position paper, March 2017]

## LERU MÆLIR ÞESS VEGNA MEÐ ÞVÍ AÐ\*

- Háskólar þróa opin, greinargóð og gagnsæ hvatakerfi sem meta að verðleikum fjölbreytt áhrif rannsóknarstarfs við ákvörðun á framgangi akademískra starfsmanna.
- Háskólar forðist (í ógáti) að búa til og fylgja óréttmætum hvatakerfum með áherslu á að meta magn fremur en gæði.
- Bókfræði (e. bibliometrics) ætti fyrst og fremst að nota samhlíða eigindlegu (e. qualitative) jafningjamat.

\*Sjá einnig San Francisco Declaration on Research Assessment (DORA), 2012

Háskólingur 13. apríl 2018

[Productive interactions: societal impact of academic research in a knowledge society. LERU position paper, March 2017]

## AUKIN ÁHERSLA Á VIÐURKENNINGU FYRIR ÁRANGUR Í KENNSLU

ÚR EUROPEAN UNIVERSITY ASSOCIATION (EUA) POSITION PAPER 2018:

**EFLING NÁMS OG KENNSLU FELUR Í SÉR ÁHERSLU Á STARFSÞRÓUN KENNARA OG AÐ KENNSLA SÉ VIÐURKENND SEM MIKILVÆGUR ÞÁTTUR Í STARFI AKADEMÍSKRA STARFSMANNA.**

Háskólingur 13. apríl 2018

## HINN ÞRÍEINI HÁSKÓLI

Háskólingur 13. apríl 2018

(Páll Skúlason, 2007)

## BRAVE NEW EUROPE

POLITICS AND ECONOMICS: EXPERTISE WITH A RADICAL FACE

EU POLITICS - FINANCE - SUSTAINABILITY - CORRUPTION - MEDIA - SC

HOME -> NEO-LIBERALISM IN THE EU - DEREGULATION -> Heikki Patomäki - The Finnish University Strike 2018: A New Moment in the Process of Turning Universities into Business Corporations

### Heikki Patomäki – The Finnish University Strike 2018: A New Moment in the Process of Turning Universities into Business Corporations

© March 17, 2018 | EU Deregulation, EU politics, Finance, Globalization, National Politics, Neo-Liberalism in the EU

- ✓ RANNSÓKNIR FIJRMAGNADAR Í GEGNUM SAMKEPPNI
- ✓ LAUNAKERFI SEM BYGGIST Á SIFELLDU MATI ÁSAMT UMBUN OG REFSINGU
- ✓ NÝ LÖG UM HÁSKÓLA 2010 'EINKAVÆDDL' FINNSKA HÁSKÓLA
- ✓ HÁSKÓLARNIR HAFU BREYST Í FYRIRTEKI
- ✓ VIRDI KENNSLU, RANNSÓKNA, INNRA SKIPULAGS OG TENGSLA VIÐ SAMFÉLAGIÐ HEFUR BEÐID HNEKKI

Háskólingur 13. apríl 2018

## ER ÞETTA ORÐIN STAÐAN?

Háskólingur 13. apríl 2018

(Páll Skúlason, 2007)

## TIL UMRÆÐU

- ✓ **ENDURSPÉGLAR ÞESSI UMRÆÐA VERULEIKANN Í HÁSKÓLA ÍSLANDS?**
- ✓ **ER VINNUMATSKERFIÐ OF ÞRÓNGT OG EINHLIÐA?**
- ✓ **DREGUR ÞAÐ ÚR SAMSTARFI?**
- ✓ **ER ÁHERSLAN OF MIKIL Á MAGN (FRAMLEIÐNI) FREMUR EN GÆÐI OG ER FYRIRTÆKJANÁLGUN OF RÍKJANDI Í REKSTRI HÁSKÓLANS?**

Viðbrögð við umræðunni sendist á netfangið [andread@hi.is](mailto:andread@hi.is)



Háskólingur 13. apríl 2018

## HVAÐ VILJUM VIÐ?




Háskólingur 13. apríl 2018

### GRUNNGILDI HÁSKÓLA ÍSLANDS

#### ■ GILDI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Akademískt fræði er grunnur alls háskólastarfs og stuðlar að gagnrýnni hugun, skipaðri þekkingarök, viltíni og farsækt. Jafnvegi er leðifétt í starfsaðlun og grundvallur fjölbreytni og vörðingur í háskólaumfélaginu. Fagmennska og matnaður einnema stórf starfsfólks og stúdenta og eru forsenda þess trausts sem Háskólinn nýtur í samfélaginu.



### ÁHERSLUR HÍ21

- ✓ Framsækin sýn á nám og kennslu
- ✓ Sterkir rannsóknainnviðir sem styðja við þekkingarsöpun og alþjóðlegt samstarf
- ✓ Starf Háskólans hafi viðtæk áhrif og takist á við áskoranir samtímans
- ✓ Góður vinnustaður
- ✓ Gæðamenning og skilvirk upplýsingatækni



Háskólingur 13. apríl 2018

### ÚR NÝRRI JAFNRÉTTISÁÆTLUN 2018-2022

- ✓ **Markmið: Að matskerfi HÍ mismuni ekki eftir starfsháttum akademískra starfsmanna og fræðigreinum** (sbr. 19. grein laga nr. 10/2008 og HÍ21, Rannsóknir).
  - ✓ **Áðærð: 1.7. Gerðar greiningar og settar fram tillöur til að tryggja að matskerfi Háskólans æri ekki upp á milli fræðigreina í matskerfi Háskólans og kynjuðum áhrifum þeirra. Gæta þess að allir hópar standi jafnir í þessu efni.**
- ✓ **Markmið: Að HÍ verði fjölskylduvænn vinnustaður og fjölskyldu- og atvinnulíf samræmt** (sbr. 21. grein laga nr. 10/2008 og HÍ21, Mannauður og Rannsóknir).
  - ✓ **Áðærð: 1.8. Kröfur um framleiðni fólks sem er nýtt í starfi endurskoðaðar og tekið mið af fjölskylduábyrð við mat á áranari fræðimanna þegar tímabundinni ráðningu lýkur.**




Háskólingur 13. apríl 2018

### ÚR GÆÐASTEFNU HÍ

#### Rannsóknir

- ✓ Háskólinn hvetur til samstarfs akademískra starfsmanna, bæði innanlands og utan, svo og til myndunar rannsóknarhópa sem fást við skýr og þverfræðileg rannsóknarviðfangsefni.
- ✓ Háskólinn leitast að leiða til þess að allt akademískt starfsfólk fái notið sín í rannsóknum og hvetur starfsmenn til þess að hjálpast að.



Háskólingur 13. apríl 2018

### ENDURSKOÐUN VINNUMATSKERFISINS

### VINNUMATSKERFIÐ - PERSÓNUR OG LEIKENDUR



Háskólingur 13. apríl 2018




Háskólingur 13. apríl 2018


## GÆÐAKERFI HÁSKÓLA ÍSLANDS



## YFIRLIT UM MAT Á GÆÐUM KENNSLU OG RANNSÓKNA NÚNA



## HLUTFALLSLEG SKIPTING LEKTORA, DÓSENTA OG PRÓFESSORA




## VANDI NÚVERANDI KERFIS

SBR, INNRI OG YTRI ÚTTEKTIR OG OPINN FUND Í HÍ Í SEPTEMBER SL.

- VINNUMATIÐ ER OF EINSTAKLINGSMIÐAÐ OG VINNUR GEGN SAMVINNU
  - MAT Á RANNSÓKNUM VEGUR OF PUNGT
  - KERFIÐ HVETUR FREMUR TIL MAGNS EN GÆÐA
  - MARGSKONAR RANNSÓKNARFRAMLAG NÝTUR EKKI JAFNRÆÐIS Í VINNUMATSKERFINU
  - KERFIÐ VELDUR STREITU MEDAL AKADEMÍSKRA STARFSMANNA
- HÁSKÓLA ÍSLANDS  
Háskólingur 13. apríl 2018

## GREIÐSLUR ÚR VINNUMATSSJÓÐUM

Meðalupphæð (kr.) úr Vinnumatssjóði/Ritlauna- og rannsóknasjóði/Nýðktorasjóði árið 2017 eftir tíundum stiga til greiðslu (meðal þeirra sem skiluðu vinnumatsskýrslu)



## STIGAMATIÐ HEFUR ÁHRIF Á:

- ✓ ÁRLEGAR GREIÐSLUR ÚR VINNUMATSSJÓÐUM
  - ✓ FRAMGANG
  - ✓ LAUN
  - ✓ KENNSLUAFSLÁTT
  - ✓ STYRKI ÚR RANNSÓKNASJÓÐUM HÍ (VERKEFNA- OG DOKTORSTYRKI)
  - ✓ FJÁRMAGN TIL DEILDA
- HÁSKÓLA ÍSLANDS  
Háskólingur 13. apríl 2018

## ER MATSKERFIÐ AÐ ÞÍNU MATI RÉTTLÁTT?

SVAR AKADEMÍSKRA FÉLAGA INNAN FH – 59% SVARHLUTFALL

Allir:

Allir	Fjöldi	%
Hlutlaus	42	28,9%
Já	21	9,8%
Nei	154	68,8%
Ekkí svarað	7	3,2%
Allt	224	100%

Kyn:


Kyn	karlar	Fjöldi	%	konur	Fjöldi	%
Hlutlaus	22	34,6%	Hlutlaus	20	34,6%	
	Já	11,4%		Já	9	7,6%
Nei	68	64,8%	Nei	86	72,3%	
	Ekkí svarað	3		2,9%	Ekkí svarað	4
Allt	165	100%	Allt	119	100%	

HÁSKÓLA ÍSLANDS  
Háskólingur 13. apríl 2018  
Úr Mönnum Félags háskólaemennara, janúar 2016

Álag vs. streita

Þeir sem segja oftast eða alltaf.

Litadur síjar - 2016  
Grður síjar - 2012 og 2014



## TIL UMRÆÐU

ER TÍMABÆRT AÐ GERA BREYTINGAR Á VINNUMATSKERFINU OG ÞÁ HVERJAR?

Viðbrögð við umræðunni sendist á netfangið andread@hi.is

Háskólingur 13. apríl 2018


## HUGMYNDIR AÐ BREYTTU FYRIRKOMULAGI

HÁSKÓLA ÍSLANDS  
Háskólingur 13. apríl 2018

## KERFIÐ ÞARF AÐ...

- ENDURSPEGLA ÞRÍJAR MEGINSTODIR HÁSKÓLANS
  - RANNSÓKNIR, KENNSLU OG VIRKA ÞÁTTTÖKU Í SAMFÉLAGI OG ATVINNULÍFI
- STYÐJA VIÐ UPPBYGGINGU GÆÐAMENNINGAR OG EFLA LÍÐSHEILD
- STUÐLA AÐ GÆÐUM RANNSÓKNA OG KENNSLU
- VERA GAGNSÆTT OG SANNGJARNT
- TRYGGJA JAFNRÉTTI Á ÖLLUM SVIÐUM, M.A. VIÐ MAT Á AKADEMÍSKUM STÖRFUM
- BYGGJA UNDIR ÞAÐ MARKMIÐ AÐ HÁSKÓLINN SÉ GÓÐUR VINNUSTADUR SEM LAÐAR TIL SÍN GOTT FÓLK OG AÐ ÖLLUM LÍÐI ÞAR VEL

## VINNUMATSKERFIÐ - PERSÓNUR OG LEIKENDUR



## HUGMYNDR AÐ BREYTTU FYRIRKOMULAGI

### MATSRAMMI OPINBERU HÁSKÓLANNNA OG KJARASAMNINGAR

#### 1. MAT Á STÖRFUM AKADEMÍSKRA STARFSMANNA

- ✓ MAT Á RANNSÓKNUM VERDI EINFALÐAÐ OG MIÐ TEKID AF FJÖLBREYTTU RANNSÓKNARFRAMLAGI OG NÝSKÖPUN
- ✓ TEKID VERDI AUKID MIÐ AF GÆÐUM KENNSLU OG SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU INNAN OG UTAN HÁSKÓLANS
- ✓ KENNSLA OG NÝSKÖPUN METIN Á GRUNVELLI JAFNINGAMATS OG EKKI ÁRLEGA


#### 2. LEITAD VERDI SAMINGA VIÐ KJARAFÉLÖG UM AÐ

- ✓ GRUNNLAUN HÆKKI OG LAUNALEGUR ÁVINNINGUR VERDI AUKINN VIÐ FRAMGANG
- ✓ DRAGA ÚR VÆGI ÁRLEGRA BÓNUSGREIÐSNA ÚR BITLAUNA- OG VINNUMATSSJÓÐUM

## HUGMYNDR AÐ BREYTTU FYRIRKOMULAGI

### HÁSKÓLINN – EIGIN REGLUR

1. SKILGREIND VERDI VIÐMIÐ FYRIR RANNSÓKNIR, KENNSLU OG SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU INNAN OG UTAN HÁSKÓLANS VIÐ ÁKVÖRDUN UM FASSTRÁÐNINGU OG FRAMGANG AKADEMÍSKRA STARFSMANNA
2. STUÐNINGUR VIÐ AKADEMÍSKT STARFSFÓLK VERDI EFLDUR OG ENDURSKOÐAÐUR
  - ✓ TÍMABUNDNAR BREYTINGAR Á STARFSKYLDUM (T.D. AUKID SVIGRUM TIL RANNSÓKNA OG/EDA KENNSLUPRÓUNAR)
  - ✓ TEKID VERDI TILLIT TIL FLEIRI ÞÁTTA VIÐ ÚTHLUTUN RANNSÓKNARMISSERA OG STYRKJA ÚR RANNSÓKANARSJÓÐUM



## VIÐBRÖGÐ

ARNAR PÁLSSON, DÓSENT Í LÍFRÆÐI

GUÐMUNDUR FREYR ÚLFARSSON, PRÓFESSOR Í  
UMHVERFIS- OG BYGGINGARVERKFRÆÐI

VILHJÁLMMUR ÁRNASON, PRÓFESSOR Í HEIMSPEKI

## NÆSTU SKREF INNAN HÍ

- ENDURSKOÐUN Á MATSKERFI OPINBERU HÁSKÓLANNNA (RANNSÓKNIR, KENNSLA, SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA) Á VETTvangi VÍSINDANEFNDAR OPINBERU HÁSKÓLANNNA OG VIÐEIGANDI STARFSNEFNDA HÍ
- STUÐNINGUR VIÐ AKADEMÍSKT STARFSFÓLK ENDURSKOÐAÐUR Á VETTvangi STARFSNEFNDA HÁSKÓLARÁÐS HÍ
- ENDURSKOÐUN REGLNA UM NÝRÁÐNINGAR, FRAMGANG OG ÓTÍMABUNDNA RÁÐNINGU
- SAMRÁÐ VIÐ AKADEMÍSKT STARFSFÓLK OG KJARAFÉLÖG

Rektor þakkaði þeim Guðbjörgu Lindu og Áslaugu fyrir framsöguna og bauð þremur akademískum starfsmönnum að bregðast við.

Fyrstur tók til máls Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor og deildarforseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideild.

“Ágæti rektor, aðstoðarrektor, gæðastjóri, þingfulltrúar. Það er sagt að vandi vinnuatsins sé að það vinni gegn samvinnu, rannsóknir vegi þungt, það hvetji til magns, að fjölbreytni njóti ekki jafnræðis og það valdi streitu. Því þurfi helst að gerbreyta því.

Það er þó ekki hægt að komast í hóp topp 30% sem hljóta helming ritlaunasjóðanna án samvinnu. Einyrkjarnir eru ekki á toppnum hjá HÍ. Þar er fólk í virku samstarfi innan HÍ og utan. Deildir þar sem fólk vinnur saman fá meira úr rannsóknarhluta deililífkansins.

Ég er í Rannsóknarnefnd samgönguslysa sem má kalla toppinn í samfélagslegum áhrifum innanlands í mínu fagi. Þetta hef ég talið fram undir lið D, stjórnir og nefndir utan HÍ, og fengið 0 stig. Er frekar þörf á að breyta þeim leynilegu húsreglum sem leiða til þess að kafli D er lítið virkur?

Það ríkir leyndarhyggja um matskerfið. Við ræðum ekki þau stig sem við fáum. Í því þrífst mismunun því fólk fær stundum mismunandi stig fyrir sömu hlutina þó slíkt sé óviljandi. Hér þarf ekki að breyta kerfinu heldur gera kerfið opnara.

Ritlaunagreiðslunum er kennt um að hvetja til magns. En stig sem veita greiðslu umfram 60 eru sett í veldið 0,8, sem minnkar áhrif þeirra. Topp 10% væru að fá mun meira og lægri hópurrinn enn minna ef þetta kæmi ekki til. Ég hef rætt við reitt fólk með stig yfir 60 sem kvartar sáran. Topp 10% telja kerfið óréttlátt líka. Mikill vill meira. Kerfið verðlaunar nefnilega jafnvægi. Þú átt ekki að ofgera rannsóknum, heldur einnig vinna að öðrum þáttum og taka þér frí við og við. Magnið mun hækka þig fyrir um launaflokk. Er það svo rangt? Við viljum gæði en líka magn. Akademískur starfsmaður sem birtir eina gæða grein um ævina og brautskráir engan nemanda, hefur í flestum tilfellum ekki haft jafn mikilvæg áhrif og sá sem birti 50 gæða greinar og brautskráði 10 doktora.

Magn brautskráðra doktorsnema er gæði. Doktorsnemar verða ekki til á einni nóttu. Ég sakna þess að í hugmyndum um mat á gæðum kennslu er ekki minnst á leiðbeiningu meistara og doktorsnema, sem má telja á hverju ári, er gert núna, og er dæmi um magn og gæði. Hin árlegu 10 kennslustig mæla hins vegar hvorki magn né gæði heldur eingöngu starfsaldur og þar má bæta kerfið okkar.

Streitan kemur ekki frá vinnumatskerfinu. Streitan kemur frá okkur sem hér þingum. Við biðjum starfsfólk um að vera topp kennara og topp rannsakendur en á sama tíma sitja í kennslunefnd, framhaldsnámsnefnd, skipulagsnefnd, vera námsbrautarstjóri og sitja í ótöldum starfshópum og stjórnnum.

Ég dáist að starfsfólki sem nær að birta vísindagreinar þrátt fyrir þær hindranir sem háskólinn leggur fyrir með að brjóta upp tíma fólks og hugsanir í smæstu mögulegu einingar. Ég held að án fjárhagslegs hvatakerfis yrði ritvirkni minni.

Við sköpum einnig streitu með að búa til óvissu. Við tölum sífellt um breytingar. Eigum við að sameina deildir eða kljúfa þær upp, á að færa vald frá sviðum til deilda eða deildum til sviða, á að búa til nýtt vinnumatskerfi og taka það upp á næsta ári?

Á hverju ári síðan 2009 höfum við tilkynnt um niðurskurð. Meistaránámskeið þitt verður lagt niður því við getum ekki borgað þér kennsluyfirvinnu. Starfsfélagi þinn fór á eftirlaun, við ráðum ekki í staðinn svo þú þarft að taka yfir öll hennar verkefni. Í ár eru færri vinnustundir veittar en í fyrra og þið þurfið öll að kenna meira til að uppfylla kennsluskyldu. Þetta veldur streitu.



Allir háskólar meta störf starfsmanna með einhverjum hætti og öll slík kerfi eru umdeild. Það er margt gott í vinnumatskerfinu okkar þó vissulega sé það einnig gallað eins og öll mannana verk. Vinnum því varlega að bæta það.”

Næstur tók til máls Arnar Pálsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild.

“Ég fagna því að nú sé í gangi endurskoðun, flott framtak hjá rektor og stjórn skólans, Áslaugu, Andreu og Guðbjörgu. Ekki öfundsvært verkefni en afar brýnt.

Háskólinn er ekki smjörlíkisverksmiðja. Afurðir háskóla eru fjölbreyttar, langvarandi og ómælanlegar. Afurðir smjörlíkisverksmiðju eru einhæfar, skammlífar og mælanlegar. Við stjórn háskóla eigum við að horfa á gæði ekki magn rannsókna, kennslu og samfélagsþjónustu. Það tekst ekki með baunatalningakerfi eins og því sem hefur verið við lýði við HÍ um áratuga skeið.

Í greinargerð og erindi vinnuhóps voru taldir upp nokkrir gallar þess, sem ég tek undir.

Sérstaklega sú að kerfið telji greinar en meti ekki gæði. Á listann vantar að beiting kerfisins mismunar fræðasviðum og vísindamönnum, því kerfið er notað til að útdeila rannsóknar stuðningi innan skólans. Einnig vantar heimspekilegu gagnrýnina, ofurtrú á kerfi og mælistikur færir háskóla frá sínum grunnildum, í átt að fyrirtæki. Sem er undirstrikað með staðhæfingunni, háskólar eru ekki smjörlíkisverksmiðjur. Þeir ættu ekki að vera reknir á sama hátt.

Brýnast tel ég að hætta að nota kerfið við útdeilingu rannsóknarstuðnings innan HÍ, doktorsnema, rannsóknarfé, kennsluafslátt og fleira. Ástæðan er sú að þetta hefur skert akademískt frelsi starfsmanna. Margir hafa ekki á möguleika á styrk fyrir doktorsnemana sína, vegna þess að þeir eða þeirra fagsvið skorar illa í kerfinu. Ef vissir starfsmenn hafa ekki aðgang að sama stuðningi og aðrir, þá er frelsi þeirra skert!

Aðdáunarvert að nefndin leggi til að opna samtal við stéttarfélagin um að finna aðra leið til að stýra launaskriði. Erfitt, en einnig mikilvæg bragarbót. Ég er ekki mjög vongóður en vona að stjórn skólans fari í það af fullum þunga, og á réttum forsendum. Mikilvægt er að vanda til verksins, þannig að félagsmenn í Félagi prófessora og Félagi háskólakennara sjá ávinninginn. Ávinningurinn er að losa starfsmenn undan bónusadrifnu kerfi í átt að jafnlaunakerfi. Miðað við tölurnar sem lagðar voru fram á fundinum, þýðir það tilfærslu á peningum frá fáum til margra. Líklega mótmæla þessir fáu, en hinir hljóta að fagna breytingunni.

Annars vil ég verja mestum tíma í spurninguna, um þá grunnforsendu að hvatakerfi sé nauðsynlegt fyrir starf háskóla. Margir hafa fært rök fyrir því að þau hjálpi og hafi hjálpað akademískum starfsmönnum að stunda rannsóknir. Maður heyrir sögur um fólk sem vaknaði af doða og fór að rannsaka af krafti og birta alþjóðlega, vegna þess að kerfið hvatti þá til þess. Við því má spyrja, ætti viðkomandi heima í háskóla ef hann þarf medalíu fyrir að stunda rannsóknir? Einnig hefur því verið fleygt að rannsóknarafköst HÍ hafi aukist síðan kerfið var sett, og því gert skóna að um orsakasamband sé að ræða. Það afhjúpar skort á vísindalegu innsæi, fylgni er ekki sama og orsök. Ef kalla má innleiðingu hvatakerfis HÍ sem tilraun, þá er það tilraun án viðmiðunarhóps, og mikilvægt að túlka “niðurstöðu” hennar þannig. Aukning á rannsóknarvirkni, ef raunveruleg, er líklega tengd innflæði á nýju fólk, auknum styrkjum og kostum í framhaldsnámi.

Hvaða hvatningu þurfa akademískir starfsmenn til að vinna vel? Að mínu viti er mikilvægt að drifið til að stunda góð vísindi, kenna af ástríðu eða vilja bæta samfélagið og veröldina komi innan frá. Ekki vegna þess að akademískir starfsmenn vænti launagreiðslu í lok árs, medalíu frá skólanum fyrir góð störf, karamellu í vikulok. Rannsóknarpunktur fyrir að mæta á háskólaþing? Og annan fyrir að taka þátt í umræðum og skrifa á skoðanir okkar á blað?

Ég tel ytri hvatningu ekki nauðsynlega og ef til vill til óþurftar. Það var a.m.k. skoðun Edward Lewis, sem fékk Nóbelsverðlaun í læknis- og lífeðlisfræði árið 1995 fyrir að uppgötva “hox” genin. Hann taldi að of mikið hrós myndi grafa undan þroska doktorsnema. Hann ræddi við þau en var ekkert yfir sig spenntur yfir niðurstöðunum eða árangri þeirra. Hann sagði beint út, “í drottins nafni, ekki hvetja þau” (“For God's sake don't encourage them”). Hans skoðun var sú, að doktorsnemar yrðu að finna sitt innra drif og áhuga til að vinna starf sitt vel.

Edward er dæmi um vísindamann sem vann að rannsóknum á afmörkuðu sviði erfðafræði um áratuga skeið, hann var þolinmóður og samviskusamur. Setti upp 50.000 ólíkar æxlunartilraunir á starfsferli sínum. Hann birti ekki flestar greinar í erfðafræði, heldur var hann þolinmóður og fylgdi eftir tilgátum sínum og athugunum. Vísindi hans voru dæmigerð “slow science”. Enda voru nóbelsverðlaunin gefin fyrir uppgötvanir hans, ekki fjölda greina.

Í mínum rannsóknum hef ég reynt að fylgja nálgun hans, og einblína á starfið og láta ekki kerfin stjórna rannsóknum mínum. Fylgja spurningum, ekki hvötum. En ef maður fær ekki styrki fyrir doktorsnema, eða situr í ruslflokki ár eftir ár skv rannsóknasjóði HÍ þá kvarnast upp úr stemmingunni.

Margar aðrar stofnanir ríkisins hafa ekki hvatakerfi. Spyrja má hvernig myndi alþingi virka með hvatakerfi, þar sem borgað væri fyrir lagafrumvörp, þingsályktanir, fyrirspurnir... Eða lögreglan og Umhverfisstofnun.

Ég mæli með að við tökum víðari sýn á málið. Í stað þess að spyrja hvernig eigum við að breyta mats- og hvatakerfi HÍ til batnaðar? Spyrjum heldur hvernig getum við stutt það í starfi sínu.

Fyrsta skrefið er að hreinsa borðið, afleggja eða aftengja ómögulegt kerfi.

Sérstakar athugasemdir við tillögur (unnið út frá skjali ekki slæðum):

Yfirlýst meginmarkmið er að gera kerfið fjölþættara, og taka inn samfélagslega þætti og kennslu. Það er í sjálfu sér lofsvert, en ég held að þetta muni ekki virka innan núverandi kerfis. Það sé of mikil baunatalningavél og einstaklingsmiðað til að gagnast sem grunnur fyrir svona hugmynd. Þetta gæti gagnast sem hluti af rannsókna, kennslu og samfélagsportfolíó, fyrir starfsmannaviðtöl og ytra mat fagaðila.”

Þriðji og síðastur til að bregðast við var Vilhjálmur Árnason, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild.

“Vinnumatskerfi eru alltaf umdeild og erfitt að gera svo öllum líki. Umdeilanlegt hvort yfirleitt eigi að hafa vinnumatskerfi sem miðar að auknum afköstum í starfi þar sem viðtekin viðmið um arðsemi, hagkvæmni og framleiðni eiga illa við. Líka þversagnakennt hvernig gæðamat hefur stuðst við magnbundnar mælistikur (þótt gæðamat felist í vandaðri fræðilegri ritrýni).

Í ljósi þessa er það ánægjulegt að þær hugmyndir sem hér eru settar fram eru ekki eins framleiðslumiðaðrar og hið fyrra. Fleiri þættir en rannsóknarframleiðsla eru metnir og áhrif háskólastarfs á samfélagið fær meiri hvatningu. Þetta skiptir meginmáli í litlu samfélagi eins og hér þar sem H.Í. er þjóðskóli. Eðlilegt að v-kerfi sé í stöðugri endurskoðun og þá mikilvægt að það sé gert út frá faglegum og siðferðilegum viðmiðum. Það mótar allt líf í háskólasamfélaginu og því snýst spurningin um það hvernig háskólasamfélag viljum við móta.

Vandkvæði við að meta einkum framleiðslumagn: Það hvetur okkur til að loka okkur af við að skrifa ritrýndar greinar f. alþjóðlegt fræðasamfélag. Getur haft þau óbeinu og óætluðu áhrif að draga úr borgaravitund háskólafólks. Sérlega bagalegt í samfélagi þar sem fjölmiðlar eru veikburða og þurfa oft að leita til háskólafólks til þess að greina mál og skapa skilyrði fyrir upplýsta lýðræðislega umræðu. Stundum búa háskólamenn einir yfir þekkingu sem er nauðsynleg til þess að greina málefni, setja þau í skiljanlegt samhengi og afhjúpa áróðurskenndan málflutning. Þetta verkefni hefur orðið æ mikilvægara eftir því sem ráðskast er meira með upplýsingar og hugmyndaheiminn.

Þetta samrýmist vel borgaralegum skyldum háskólafólks því að ein forsenda gróskumikils h-starfs er að hann búi við frjálslýnt, lýðræðislegt umhverfi sem lætur sig varða tjáningarfrelsi og aðrar forsendur upplýstrar skoðanamyndunar. Akademískt frelsi er grunnur alls háskólastarfs.

Hluti af þessu er að háskólafólk birti niðurstöðu sínar á íslensku (og ekki bara á ritrýndum fræðilegum vettvangi) heldur í aðgengilegum ritum fyrir upplýstan almenning. Svona þættir sem varða lýðræðissamfélagið ættu að vega þungt í mati á samfélagsáhrifum verkefna, ekki bara tengsl við efnahags og viðskiptalífið.

Í ljósi þessa fagna ég hugmyndum um aukna samfélagsþátttöku. Sé hún hins vegar skilin út frá aukinni samvinnu hásk og fyrirtækja á markaði þarf að huga vel að hagsmunaaðrekstrum. Háskólastarf og fyrirtæki búa við ólíka menningu og viðmið um góða starfshætti. Til dæmis getur slíkt samstarf ýtt undir solumennsku og skrum í vísindum þar sem ávinningur af rannsóknum er ýktur.

Önnur vandkvæði við að miða við framleiðslumagn er að það eykur freistinguna til óheiðarlegra vinnubragða. Það hefur því verið mikilvægur hluti af gæðamenningu hásk að leiða til að styrkja góða starfshætti í vísindum og koma í veg fyrir brot á þeim.

Ég verð að játa að ég átta mig ekki vel á hugmyndinni um gæðamenningu, en ætla að það snerist um fagmennsku og gæði kennslu og rannsókna. Ekki ljóst hvernig aukin rannsóknasamvinna stuðli að gæðamenningu enda fer það alveg eftir eðli rannsóknaverkefna. Ekki markmið í sjálfu sér að allir verði hluti af teyðum eða hópum. Efla liðsheild? Greiða þarf fyrir þverfaglegu samstarfi. Sumir vinna best sem einyrkjar. Hluti af því að mismuna ekki starfsháttum milli fræðigreina. Gætu þeir fengið það orð á sig að skemma fyrir hópnum? Liðsheildarhugmyndin gæti hins vegar átt vel við um kennslu þar sem gagnlegt er að meta meta árangur eininga og námslína.

Ég fagna aukinni áherslu á kennslu sem er frumskylda háskólakennara. Rannsóknastarf er forsenda góðrar háskólakennslu og góð kennsla skilar hæfum borgurum til samfélagsins. Kennslan er hjartað, en vandamt er að meta gæði hennar. Hefur verið vanmetinn þáttur og hvímeiður er brandari háskólakennarans um að fínt sé að vinna í háskóla ef ekki þyrfti að sinna nemendum. Ég hlakka til að sjá útfærslur á þeim hugmyndum sem og öðrum sem hér eru kynntar.

Fagna líka hugmyndum sem stuðla að jafnrétti. Það er réttlætismál að stuðla að jöfnum tækifærum alls háskólafélks til starfsþróunar með því að draga úr hindrunum vegna fjölskylduábyrgðar. Það er mikilvægt framlag Háskólans til samfélagsábyrgðar.”

Rektor þakkaði framsögumönnum og fulltrúum á háskólaþingi fyrir góðar og málefnalegar umræður, sleit þinginu og bauð fundarmönnum að þiggja kaffiveitingar í anddyri og Bókastofu Aðalbyggingar.

Á þinginu fóru einnig fram umræður í hópum um valdar spurningar varðandi matskerfi opinberu háskólanna.

### **Útsend gögn og gögn sem lögð voru fram á 21. háskólaþingi 25. október 2017:**

1. Dagskrá og tímaáætlun þingsins.
2. Fundargerð 20. háskólaþings 25. október 2017.
3. Listi yfir fulltrúa á háskólaþingi.
4. Kynning á framboðum til setu í háskólaráði tímabilið 1.7.2018-30.6.2020.
5. Gæðastefna Háskóla Íslands.